



Borgarráð

Gufunes - sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð heimili skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að bjóða byggingarétt lóðanna Þengilsbás 3, L228375, Gufunesvegur 32, L228381 og Gufunesvegur 36, L228376. til sölu með hefðbundnum úthlutunar- og útboðsskilmálum.

Greinargerð:

Heildarbyggingarmagn ofanjarðar á Þengilsbás 3 er 1.544 fermetrar, þar af 1.297 fermetrar fyrir íbúðir. Heildarbyggingarmagn ofanjarðar á Gufunesvegi 32 er 6.577 fermetrar, þar af 5.524 fermetrar fyrir íbúðir. Heildarbyggingarmagn ofanjarðar á Gufunesvegi 36 er 3.476 fermetrar, þar af 2.919 fyrir íbúðir. Byggingarnar á Þengilsbás 3 og Gufunesvegi 36 mega vera allt að 4 hæðum en 5 hæðum í Gufunesvegi 32. Lokið er við að endurskoða deiliskipulag fyrir lóðirnar.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara